

Borgarráð 24. febrúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sementsrannsóknir á húsnæði Vörðuskóla MSS22020238

Borgarráð 24. febrúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sementsrannsóknir á húsnæði Vörðuskóla MSS22020238

Á fundi skóla- og frístundaráðs með foreldrafélögum Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla sem haldinn var 10. febrúar 2022 kom fram í máli sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ekki sé enn búið að gera sements rannsóknir á Vörðuskóla til að fullvissa sig um að hægt sé að bjarga húsnæðinu. Í máli hans kom fram að slíkar rannsóknir hefðu verið gerðar bæði á Kársnesskóla og Fossvogsskóla. Sýnin úr Kársnesskóla sýndu að mygla var komin í sementið og þess vegna var ákveðið að rífa skólann, en mygla var ekki komin í sementið í Fossvogsskóla og þess vegna talið að bjarga eigi húsnæðinu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um rannsóknir sem sýna að mygla sé komin í sementið. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé góð ráðstöfun á almannafé að fara í viðgerðir á Vörðuskóla þegar ekki liggur fyrir hvort yfir höfuð sé hægt að uppræta myglu og bjarga húsnæðinu?